Ed.

**606. Breytingartillögur**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1923.

I Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 4. gr. 2. Nýr liður:

Til dragferjuhalds á Blöndu ... ... ... ... ... kr. 300,00

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

1. Við 4. gr. 3. Liðurinn verður þannig:

Aukastyrkur til Djúpbátsins (póstbátsins á Ísafjarð-

ardjúpi) ... ... ... ... ... ... ... ... 8000 kr.
og Breiðafjarðarbátsins Svans . ... ... ... 10000 — kr. 18000,00

Styrkirnir er því skilyrði bundnir, að bátarnir fái annarsstaðar að eftirgjöf á skuldum eða styrk, er nemi jafnmikilli upphæð og ríkissjóðsstyrkurinn.

2. Við 4. gr. 5. Liðurinn verður þannig:

Til uppbótar á launum talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík og Steindórs Björnssonar efnisvarðar, 200 krónur með hverju barna hans ... ... ... ... — 10240,00

3. Við 5. gr. Nýr liður á undan 1. lið:

Til Einars Jónssonar, kennara við stýrimannaskólann, uppbót ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 1180,00

**III.** Frá *Guðmundi Guðfinnssyni* og *Hirti Snorrasyni.*

Við 6. gr. 9. Nýr liður:

Til sögukennarans við háskólann, til þess að sækja sagnfræðingafund í Gautaborg... ... ... ... ... ... ... — 2000,00

**IV.** Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 7. gr. Nýr liður á undan 1.:

Til Einars Sæmundsens skógarvarðar, húsaleiguuppbót ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 600,00

**V.** Frá *Karli Einarssyni.*

1. Við 7. gr. 4. f. Nýr liður:

Til bátabryggju í Vestmannaeyjum... ... ... ... — 6000,00

2. Við 9. gr. Nýr liður:

Til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, til að standast kostnað við aðgerð á e/s. Þór, 1/3 kostnaðar þess, er fjelaginu ber að borga, alt að ... ... ... ... ... ... — 15000,00

**VI** Frá *Jóni Magnússyni.*

Við 9. gr. Nýr liður:

Til Jóns Gíslasonar, Laugavegi 20 í Reykjavík, uppbót ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... ... — 2000,00

**VII.** Frá *Karli Einarssyni.*

Við 11. gr. I. Liðinn skal orða svo:

Stjórninni er heimilt að ábyrgjast eftirfarandi lán:

1. Alt að 30000 kr. til Björgunarfjelags Vestmannaeyja, gegn ábyrgð bæjarsjóðs Vestmannaeyja.
2. Alt að 15000 kr. til Hvítárbakkaskólans, ef stjórninni þykir það lán nægilega trygt.